

SAMÞYKKT

um kattahald í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja að ekki hljóttist óhollusta eða óþægindi af völdum katta á Húsavík.

Öllum kattaeigendum á Húsavík er skylt að hlíta ákvæðum samþykktar þessarar.

2. gr.

Kattaeigendur skulu hugsa vel um ketti sína og gæta þess að þeir lendi ekki á flækingi.

Allir kettir skulu hafa um hálsinn ól með bjöllu og upplýsingum um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

Kattaeigendur skulu gæta þess að kettir þeirra valdi ekki ónæði, óþrifum eða tjóni.

Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Berist skriflegar kvartanir yfir ónæði eða hættu sem köttur sannanlega veldur er heimilt að láta handsama köttinn og er eiganda skylt að leysa köttinn úr vörslu gegn greiðslu alls kostnaðar.

Aflífa má köttinn sé hans ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja kattarins geti haft í för með sér. Kostnaður greiðist af eiganda.

Handsömun á ómerktum ketti skal auglýst tryggilega, t.d. í blöðum eða útvarpi. Sé kattarins ekki vitjað innan 7 daga má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti köttinn má krefja eiganda um greiðslu kostnaðar.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum og er henni skylt að auglýsa tryggilega, t.d. í blöðum eða útvarpi, ef fyrirhuguð er sérstök aðgerð með þetta fyrir augum.

5. gr.

Húsavíkurkaupstaður annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Leita má aðstoðar lögreglufirvalda ef þörf krefur.

6. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur og staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.